

## Miðbæjarsamtök Hafnarfjarðar

Til þess er málið varðar.

Við hjá miðbæjarsamtökum Hafnarfjarðar förum þess á leit við Hafnarfjarðabæ, að stólarnir (svokölluð „kratatippi“ ☺) verði málaðir í sumar, útfærslan er í ykkar höndum, en við leggjum til að þeir verði málaðir hvítir og stöku stólpi í glaðlegum lit til að glæða götuna lífi. Skemmtilegt gæti verið að pollapönks litirnir væru notaðir þar sem þeir standa fyrir góðum málstað. Hafa skal í huga að glaðlegir litirnir skreyta götuna einnig að vetri til, samanber steypu blómakerin á Akureyri sem eru máluð í lit og lífga þannig upp á svartasta skammdegið.

Við leggjum einnig til að blómabeðin í Strandgötunni verði löguð og einföluð í umhirðu. Gömul blómabeð fyrir framan Strandgötu 39 verði fjarlægð og kantsteinar teknir eða notuð sem beð fyrir gróður. Teljum við þetta nauðsynlegt þar sem mikil slyshætta er á ferð og margir dottið þar um.

Með von um jákvæð viðbrögð.

F.h. miðbæjarsamtaka Hafnarfjarðar  
Auðunn og Fríða í skartgripaversluninni Fríðu  
898-8801